
Vogavík ehf.,
kt. 580302-2970,
Grund, Flúðum

Lýstar kröfur:

kr. 10.018.029

Selfossi, 9. október 2009.

Sigurður Jónsson hrl.

(2009017240)

Útgáfud.: 10. nóvember 2009

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands vestra uppkveðnum 28. febrúar 2008 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 8. janúar 2009 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Fæging ehf.,
kt. 520204-3180,
Víðihlíð 4, Sauðárkróki

Lýstar kröfur:

kr. 25.910.344

Blönduósi, 4. nóvember 2009.

Stefán Ólafsson hrl.

(2009017239)

Útgáfud.: 10. nóvember 2009

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 14. júlí 2009 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 28. október 2009 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

J.O.B. byggingafélag ehf.,
kt. 650505-0420,
Lambhaga 7, Selfossi

Lýstar kröfur:

kr. 48.956.557

Reykjavík, 30. október 2009.

Sigurður I. Halldórsson hdl.

(2009017235)

Útgáfud.: 10. nóvember 2009

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 2. júlí 2009 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 28. október 2009 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Gaman ehf.,
kt. 470205-1480,
Smyrlahrauni 47, Hafnarfirði

Lýstar kröfur:

kr. 18.078.746

Reykjavík, 30. október 2009.

Sigurður I. Halldórsson hdl.

(2009017234)

Útgáfud.: 10. nóvember 2009

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 2. júlí 2009 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 28. október 2009 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Stofn ehf., byggingafélag,
kt. 620207-0630,
Lindarbergi 54a, Hafnarfirði

Lýstar kröfur:

kr. 31.470.301

Reykjavík, 30. október 2009.

Sigurður I. Halldórsson hdl.

(2009017233)

Útgáfud.: 10. nóvember 2009

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 2. júlí 2009 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum á búinu var lokið 28. október 2009 samkvæmt 154. gr. laga nr. 21/1991 með því að allar lýstar kröfur voru afturkallaðar.

Nafn bús:

Toppmúr ehf.,
kt. 531202-2010,
Nýbýlavegi 14, Kópavogi

Lýstar kröfur:

Reykjavík, 30. október 2009.

Sigurður I. Halldórsson hdl.

(2009017232)

Útgáfud.: 5. nóvember 2009

Auglýsing um skipulag - Reykjanesbær og Grindavík*Tillaga að breytingu á deiliskipulagi á Reykjanesi.*

Í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á deiliskipulagi Reykjaness: Orkuvinnsla, iðnaður og ferðamennska, ásamt umhverfisskýrslu skv. lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða. Breytingin felst m.a. í stækkun núverandi jarðvarmavirkjunar, bættu aðgengi og öryggi ferðamanna á svæðinu auk samræmingar deiliskipulags við núverandi aðstöður og fyrirkomulag. Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Reykjanesbæjar á Tjarnargötu 12 og skrifstofu Grindavíkurbæjar á Víkurbraut 62 frá og með 5. nóvember 2009 til 3. desember 2009.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 17. desember 2009.

Skila skal inn skriflegum athugasemdum á skrifstofu Reykjanesbæjar á Tjarnargötu 12, Reykjanesbæ eða skrifstofu Grindavíkurbæjar á Víkurbraut 62, Grindavík. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillögurnar fyrir tilskilinn frest telst samþykkja hana.

Guðlaugur H. Sigurjónsson

framkvæmdastjóri umhverfis- og skipulagssviðs Reykjanesbæjar.

Ingvar Þ. Gunnlaugsson

forstöðumaður tæknideildar Grindavíkur.

(2009017003)

Útgáfud.: 6. nóvember 2009

Auglýsing um skipulag - Mosfellsbær*Mosfellsbær auglýsir 3 deiliskipulagstillögur:**Lóð Skátasambands við Hafravatn.**Háholt 7 - Áslákur.**Reykjavegur 36.*

Mosfellsbær auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og 2 tillögur að breytingum á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 26. gr. sömu laga:

Lóð Skátasambands Reykjavíkur við Hafravatn.

Tillaga að deiliskipulagi. Skipulagssvæðið/lóðin er um 4,8 ha, liggur að Hafravatni suðaustanverðu og er skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota í aðalskipulagi. Á tillögunni eru sýndir byggingarreitir fyrir 8 gistiskála auk byggingarreita fyrir þjónustuhús og opið skýli og gerð er grein fyrir aðkomu og bílastæðum.

Háholt 7, Áslákur (endurauglýsing).

Tillaga að breytingum á deiliskipulagi sem samþykkt var 2003. Breytingar felast í því að lóðin stækki úr 5.600 í 8.500 m², núverandi bygging fyrir hótél hækki um eina hæð og að austan hennar komi bygging fyrir stækkun hótels, 2 hæðir og ris með kjallara undir, sem verði að hluta bílageymsla og að hluta salarkynni hótels. Hámarksnýtingarhlutfall verði 0,6. Breyting frá áður auglýstri tillögu felst í því að fyrirhugaðar nýbyggingar lækka í landi um 2 m.

Reykjavegur 36.

Tillaga að breytingum á deiliskipulagi frá 2005. Skv. tillögunni breytist lögum lóðarinnar og hún minnkar um 750 m², byggingarreitur stækkar og leyft nýtingarhlutfall hækkar úr 0,30 í 0,39.

Tillöguuppdrættir með greinargerðum og skipulagsskilmálum verða til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 1. hæð, frá 6. nóvember 2009 til 18. desember 2009, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillögurnar og gert við þær athugasemdir. Tillögurnar er einnig birtar á heimasíðu Mosfellsbæjar á slóðinni: www.mos.is/Skipulagougumhverfi/ Skipulagsmal/Skipulagsauglysingar/ Umkynningu/.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og hafa borist skipulags- og byggingarnefnd Mosfellsbæjar eigi síðar en 18. desember 2009. Hver sá sem ekki gerir athugasemd við auglýsta tillögu innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

2. nóvember 2009,

Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar.

(2009017027)

Útgáfud.: 6. nóvember 2009

Auglýsing um skipulag - Sveitarfélagið Ölfus*Deiliskipulag, greinargerð og umhverfisskýrsla er varðar lóð úr landi Sandhóls, fyrir frístundahús.*

Tillagan er samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd 20. október 2009 og í bæjarstjórn 29. október 2009.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss auglýsir hér með tillögu á deiliskipulagi, samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Tillagan að deiliskipulagi er í samræmi við gildandi aðalskipulag Ölfuss, 2002-2014, sem staðfest var 4. janúar 2005.

Skipulagið nær til lands úr Sandhóli í Ölfusi fyrir eina frístundahúsaloð að flatarmáli 3.700 m². Fyrir er á jörðinni, skammt frá, ein frístundahúsaloð eins og kemur fram í aðalskipulagi 2002-2014. Aðkoma að lóðinni verður frá núverandi vegslóða norðan við túnspilduna sem liggur að núverandi frístundahúsi og tengist Arnarbælisvegi (375). Innan skipulagsins er einn byggingarreitur til að byggja á frístundahús, lítið gestahús, geymsluhús og lítið gróðurhús. Mesta hæð húsa má vera allt að 6,5 m yfir landi og þakhalli 15-45°. Hámarks nýtingarhlutfall er 0,03. Heildarflatarmál

húsa má vera allt að 111 m². Heimil er trjárækt á svæðinu. Deiliskipulagstillagan verður auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga á tímabilinu 6. nóvember 2009 til 4. desember 2009. Deiliskipulagið liggur frammi í Ráðhúsi Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn.

Frestur til að skila inn skriflegum athugasemdum er til 18. desember 2009. Skila skal inn athugasemdum til skipulags- og byggingarfulltrúa, Ráðhúsi Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við breytingartillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykktur henni.

Deiliskipulag, greinargerð og umhverfisskýrsla er varðar lóð úr landi Gerðakots, frístundahús og gróðurhús.

Tillagan er samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd 20. október 2009 og í bæjarstjórn 29. október 2009.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss auglýsir hér með tillögu á deiliskipulagi, samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Tillagan að deiliskipulagi er í samræmi við gildandi aðalskipulag Ölfuss, 2002-2014, sem staðfest var 4. janúar 2005.

Skipulagið nær til lands úr Gerðakoti í Ölfusi fyrir frístundahúsaloð að flatarmáli 31.500 m² og úr landi Bakka II 7.109 m². landið er staðsett undir Hjallafjalli sammkt sunnan Riftúns, norðan Ölfusvegur nr. 38. Fyrir er á landinu tvö frístundahús, samtals 147 m² með kvöð á að þau verði í eiga sama aðila og á landið í heild. Svæðið er merkt í aðalskipulagi fyrir frístundabyggð og er þessi lóð nyrst af 7 lóðun í röð. Innan byggingarreits er heimilt að byggja frístundahús, gestahús, geymsluhús og lítið gróðurhús. Mesta hæð húss má vera 6,5 m yfir landi og þakhalli 15-45°. Hámarks nýtingarhlutfall er 0,03. Hluti svæðisins er ætlað fyrir skógrækt.

Deiliskipulagstillagan verður auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga á tímabilinu 6. nóvember 2009 til 4. desember 2009. Deiliskipulagið liggur frammi í Ráðhúsi Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn.

Frestur til að skila inn skriflegum athugasemdum er til 18. desember 2009. Skila skal inn athugasemdum til skipulags- og byggingarfulltrúa, Ráðhúsi Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við breytingartillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykktur henni.

Sigurður Jónsson skipulags- og byggingarfulltrúi.

(2009017026)

Útgáfud.: 11. nóvember 2009

Auglýsing um skipulag - Reykjavíkurborg

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Gufunes, útivistarsvæði.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Gufuness útivistarsvæðis vegna skemmtigarðs. Í breytingunni felst m.a. að þjónustubygging fyrir skemmtigarð færist nær Gufunesvegi og byggingareitur er stækkaður.

Bílastæðum á svæðinu er fjölgað og gervigras- og frjálsíþróttavöllur færast örlítið vestar ásamt vallahúsi.

Nánar um tillöguna visast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8.20-16.15, frá 11. nóvember 2009 til og með 23. desember 2009. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, www.skipbygg.is. Er þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið skipulag@rvk.is, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 23. desember 2009. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 6. nóvember 2009.

F. h. skipulagsstjóri Reykjavíkur,

Ann Andreassen.

(2009017563)

Útgáfud.: 10. nóvember 2009

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Krummahólar 2, húsfélag, kt. 450380-0329, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík.

Stefndu: Magdalena Anna Weclawiak, kt. 130775-2339, með aðsetur að Öldugötu 21, Hafnarfirði, en skráð með lögheimili að Krummahólum 2, Reykjavík og Krzysztof Jakubczak, kt. 310172-2279, skráður í Póllandi samkvæmt þjóðskrá.

Málflutningsumboð: Guðmundína Ragnarsdóttir hdl. rekur mál þetta f. h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 120.274, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 sbr. III. kafla

af kr. 12.135 frá 1.10.2008 til 1.11.2008,
af kr. 24.270 frá 1.11.2008 til 1.12.2008,
af kr. 36.405 frá 1.12.2008 til 1.1.2009,
af kr. 48.540 frá 1.1.2009 til 1.2.2009,
af kr. 60.675 frá 1.2.2009 til 1.3.2009,
af kr. 72.810 frá 1.3.2009 til 1.4.2009,
af kr. 84.676 frá 1.4.2009 til 1.5.2009,
af kr. 96.542 frá 1.5.2009 til 1.6.2009,
af kr. 108.408 frá 1.6.2009 til 1.7.2009,
af kr. 120.274 frá 1.7.2009 til greiðsludags.

Krafist er málskostnaðar skv. mati dómsins. Krafist er virðisaukaskatts á málskostnað. Áskilinn er réttur til að leggja fram málskostnaðarreikning verði tekið til varna í málinu. Krafist er vaxtareiknings í samræmi við 12. gr. vaxtalaga nr. 38/2001.

Að lokum er stefndu stefnt til að þola staðfestingu á lögveðsrétti í eignarhluta sínum, fastanr. 204-9358 í húsinu nr. 2 við Krummahóla í Reykjavík til tryggingar ofangreindri kröfu fyrir tímabilið frá október 2008 til og með júlí 2009, auk dráttarvaxta og málskostnaðar, sbr. 48. gr. laga nr. 26/1994.

Málsatvik og málsástæður: Skuld þessi er tilfallin vegna húsfélagsgjalda sem stefnandi lagði á stefndu vegna húsnæðis þeirra í fjöleignarhúsinu nr. 2 við Krummahóla í Reykjavík nánar tiltekið með fastanr. 204-9358 fyrir tímabilið frá október 2008 til og með júlí 2009, eignarhluti 01-0306. Húsfélagsgjöld þessi eru lögð á húsnæði stefndu á sama

grundvelli og aðra eignarhluta í fjöleignarhúsinu að Krummahólum 2, Reykjavík, skv. lögum nr. 26/1994. Þegar sameiginlegum rekstrarkostnaði hafði verið skipt niður á eignarhluta fjöleignarhússins gjaldféllu húsfélagsgjöldin sem hér segir:

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð kr.
1	1.10.2008	1.10.2008	12.135
2	1.11.2008	1.11.2008	12.135
3	1.12.2008	1.12.2008	12.135
4	1.1.2009	1.1.2009	12.135
5	1.2.2009	1.2.2009	12.135
6	1.3.2009	1.3.2009	12.135
7	1.4.2009	1.4.2009	11.866
8	1.5.2009	1.5.2009	11.866
9	1.6.2009	1.6.2009	11.866
10	1.7.2009	1.7.2009	11.866

Krafist er dráttarvaxta af húsfélagsgjöldum hvers mánaðar frá 1. degi hans. Samtala reikninganna skv. ofangreindri sundurliðun er kr. 120.274 og er það stefnuþjárhæð máls þessa. Þess er krafist, að staðfest verði lögveð í eignarhluta stefndu í húsinu nr. 2 við Krummahóla í Reykjavík, fastanr. 204-9358, vegna framangreindra húsfélagsgjalda fyrir tímabilið frá október 2008 til og með júlí 2009 auk dráttarvaxta og málskostnaðar, sbr. 48. gr. laga nr. 26/1994. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefndi Krzysztof Jakubczak er skv. upplýsingum þjóðskrár ekki með skráð lögheimili á Íslandi, hann er skráður skv. þjóðskrá í Póllandi og þrátt fyrir eftirgrennsan hefur ekki tekist að hafa uppá heimilisfangi hans þar. Stefndi á því ekki annars kost en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagarök: Stefndi reisir kröfur sínar á almennum reglum samninga- og kröfuréttar um greiðslu fjárskuldbindinga svo og 48. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Málið er rekið samkvæmt ákvæðum laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfu um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefndi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum. Málskostnaðarkrafa stefnanda er bótakrafa hans og í samræmi við XXI. kafla laga nr. 91/1991 og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefndi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber því nauðsyn til að tekið verði tillit til skyldu hans til að greiða virðisaukaskatt við ákvörðun málskostnaðar sbr. ákvæði 1. nr. 50/1988 þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Varðandi varnarþing vísast til 34. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn:

1. Reikningar vegna vangoldinna húsfélagsgjalda.
2. Veðbandayfirlit.
3. Afrit innheimtubrúfs.
4. Útrentun úr Lögbirtingablaði því sem stefnan birtist í.

Áskilnaður: Stefndi áskilur sér rétt til frekari gagnaöflunar og framlagningar sem og til að koma að frekari málsástæðum og atvikum á síðari stigum, allt eftir því sem varnir stefnda gefa tilefni til. Ennfremur áskilur stefndi sér rétt til að leiða fyrir dóm aðila og önnur vitni.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með ofangreindum til að

mæta er mál þetta verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þann 15. desember 2009, kl. 10.00, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til sakar og dóm að þola í ofangreinda átt. Að öðrum kosti má búast við að útivistardómur gangi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Útivist kann að valda dómtöku málsins.

Reykjavík, 26. október 2009.

F. h. Kollekt ehf.,

Guðmundína Ragnarsdóttir hdl.

(2009017243)

Útgáfud.: 10. nóvember 2009

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefndi: Tröllateigur 24, húsfélag, kt. 441005-1050, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík.

Stefndu: Axel Björnsson, kt. 110767-2939 og Darcy Grace Macbay, kt. 110365-2179, bæði skráð með heimilisfang í Bandaríkjunum.

Málflutningsumboð: Guðmundína Ragnarsdóttir hdl. rekur mál þetta f. h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 154.218, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 sbr. III. kafla

af kr. 13.458 frá 1.11.2008 til 1.12.2008,
af kr. 26.916 frá 1.12.2008 til 1.1.2009,
af kr. 40.374 frá 1.1.2009 til 1.2.2009,
af kr. 53.832 frá 1.2.2009 til 1.3.2009,
af kr. 67.290 frá 1.3.2009 til 1.4.2009,
af kr. 80.748 frá 1.4.2009 til 1.5.2009,
af kr. 94.206 frá 1.5.2009 til 1.6.2009,
af kr. 107.664 frá 1.6.2009 til 1.7.2009,
af kr. 123.182 frá 1.7.2009 til 1.8.2009,
af kr. 138.700 frá 1.8.2009 til 1.9.2009,
af kr. 154.218 frá 1.9.2009 til greiðsludags.

Auk þess er krafist kostnaðar vegna milliinnheimtu Alskila að fjárhæð kr. 25.548. Krafist er málskostnaðar samkvæmt mati dómsins. Krafist er virðisaukaskatts á málskostnað. Áskilinn er réttur til að leggja fram málskostnaðarreikning verði tekið til varna í málinu. Krafist er vaxtareiknings í samræmi við 12. gr. vaxtalaga nr. 38/2001.

Að lokum er stefndu stefnt til að þola staðfestingu á lögveðsrétti í eignarhluta sínum, fastanr. 227-0894 í húsinu nr. 24 við Tröllateig í Mosfellsbæ til tryggingar ofangreindri kröfu fyrir tímabilið frá nóvember 2008 til og með september 2009, auk dráttarvaxta og málskostnaðar, sbr. 48. gr. laga nr. 26/1994.

Málsatvik og málsástæður: Skuld þessi er tilfallin vegna húsfélagsgjalda sem stefndi lagði á stefndu vegna húsnæðis þeirra í fjöleignarhúsinu nr. 24 við Tröllateig í Mosfellsbæ nánar tiltekið með fastanr. 227-0894 fyrir tímabilið frá nóvember 2008 til og með september 2009, eignarhluti 04-0303. Húsfélagsgjöld þessi eru lögð á húsnæði stefndu á sama grundvelli og aðra eignarhluta í fjöleignarhúsinu að

Tröllateig 24, Mosfellsbæ, skv. lögum nr. 26/1994.
Þegar sameiginlegum rekstrarkostnaði hafði verið skipt niður á eignarhluta fjöleignarhússins gjaldféllu húsfélagsgjöldin sem hér segir:

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð kr.
1	1.11.2008	1.11.2008	13.458
2	1.12.2008	1.12.2008	13.458
3	1.1.2009	1.1.2009	13.458
4	1.2.2009	1.2.2009	13.458
5	1.3.2009	1.3.2009	13.458
6	1.4.2009	1.4.2009	13.458
7	1.5.2009	1.5.2009	13.458
8	1.6.2009	1.6.2009	13.458
9	1.7.2009	1.7.2009	15.518
10	1.8.2009	1.8.2009	15.518
11	1.9.2009	1.9.2009	15.518

Krafist er dráttarvaxta af húsfélagsgjöldum hvers mánaðar frá 1. degi hans. Samtala reikninganna skv. ofangreindri sundurliðun er kr. 154.218 og er það stefnufjárhæð máls þessa. Þess er krafist, að staðfest verði lögveð í eignarhluta stefndu í húsinu nr. 24 við Tröllateig í Mosfellsbæ, fastanr. 227-0894, vegna framangreindra húsfélagsgjalda fyrir tímabilið frá nóvember 2008 til og með september 2009 auk dráttarvaxta og málskostnaðar, sbr. 48. gr. laga nr. 26/1994. Auk þess er krafist kostnaðar vegna milliinnheimtu Alskila að fjárhæð kr. 25.548 sbr. dómskj. nr. 4. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefndu Axel Björnsson, kt. 110767-2939 og Darcy Grace Macbay eru skv. upplýsingum þjóðskrár ekki með skráð lögheimili á Íslandi, þau eru skráð samkvæmt þjóðskrá í Bandaríkjunum og þrátt fyrir eftirgrennslan hefur ekki tekist að hafa uppá heimilisfangi þeirra þar. Stefnandi á því ekki annars kost en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagarök: Stefnandi reisir kröfur sínar á almennum reglum samninga- og kröfuréttar um greiðslu fjárskuldbindinga svo og 48. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Málið er rekið samkvæmt ákvæðum laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfu um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum. Málskostnaðarkrafa stefnanda er bótakrafa hans og í samræmi við XXI. kafla laga nr. 91/1991 og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber því nauðsyn til að tekið verði tillit til skyldu hans til að greiða virðisaukaskatt við ákvörðun málskostnaðar sbr. ákvæði 1. nr. 50/1988 þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Varðandi varnarþing vísast til 34. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn:

1. Reikningar vegna vangoldinna húsfélagsgjalda.
2. Yfirlit yfir kostnað vegna milliinnheimtu.
3. Veðbandayfirlit.
4. Afrit innheimtubréfs.
5. Útrentun úr Lögbirtingablaði því sem stefnan er birt í.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til frekari gagnaöflunar og framlagningar sem og til að koma að frekari málsástæðum og atvikum á síðari stigum, allt eftir því sem varnir stefnda

gefa tilefni til. Ennfremur áskilur stefnandi sér rétt til að leiða fyrir dóm aðila og önnur vitni.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með ofangreindum til að mæta er mál þetta verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þann 15. desember 2009, kl. 10.00, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til sakar og dóm að þola í ofangreinda átt. Að öðrum kosti má búast við að útivistardómur gangi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Útivist kann að valda dómtöku málsins.

Reykjavík, 26. október 2009.

F. h. Kollekt ehf.,

Guðmundína Ragnarsdóttir hdl.

(2009017242)

Útgáfud.: 6. nóvember 2009

Svipting fjárræðis

Ingunn Ósk Sigurðardóttir, kt. 240917-2979, Dvalarheimilinu Lundi, Hellu, er svipt fjárræði.

Héraðsdómi Suðurlands, 5. nóvember 2009.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari.

(2009017021)

Útgáfud.: 11. nóvember 2009

Svipting fjárræðis

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 4. nóvember 2009 í máli nr. L-20/2009 var Eva Pálmadóttir, kt. 010929-2109, svipt fjárræði ótímabundið frá uppkvaðningu úrskurðarins að telja.

Hafnarfirði, 10. nóvember 2009.

Sveinn Sigurkarlsson.

(2009017587)

Lögbirtingablað,

79. tölublað 2009.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn í Vík,

Anna Birna Bráinsdóttir.